

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Grindavíkur Starfsfólk

Yfirmarkmið

Við í Grunnskóla Grindavíkur viljum koma á og viðhalda jafnrétti kynjanna og stuðla að því að hver einstaklingur verði metinn á eigin forsendum. Við virðum og nýtum þann auð sem fólgin er í fjölbreytileikanum. Starfsfólk á að hafa sömu möguleika og sama rétt óháð kyni innan síns verksviðs. Kynbundin mismunun er óheimil og er það stefna skólans að útrýma slíkum mismun.

Stefnumið

1. Leitast skal við að jafna, eftir því sem kostur er, hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan skólans. (Ljóst er að það hallar á hlut karla í kynjaskiptingu starfsfólks í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2006-2007).

Leiðir:

- Í auglýsingum stjórnenda um laus störf skulu karlar hvattir til þess að sækja um. Skoða þarf orðalag starfsauglýsinga og passa að það sé í anda jafnréttislaga.
- Þegar ráðið er í störf og valið stendur á milli jafn hæfra umsækjenda af gagnstæðu kyni skal ráða þann sem er að því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsstétt.
- Kynna skólann fyrir nýútskrifuðum kennurum, sérstaklega karlkennurum.
- Huga að viðhorfum til þeirra karla sem í skólanum vinna.
- Skoða árlega starfsmannalista með tilliti til upplýsinga um kynjaskiptingu starfsfólks og kennara Grunnskóla Grindavíkur.
- Að starfsumhverfið sé þess eðlis að það sé hvetjandi fyrir bæði kyn að starfa þar.

2. Karlar og konur skulu hafa jafna möguleika til stjórnunarstarfa.

Leiðir:

- Að valið sé í stjórnunarstöður með tilliti til þeirrar kynjaskiptingar sem fyrir er í starfsmannahópi skólans.
- Starfsumhverfið þarf að vera þess eðlis að það hvetji konur jafnt sem karla til þess að sækja um.

3. Allt starfsfólk á að hafa sömu laun fyrir sömu vinnu, óháð kyni.

Leiðir:

- Launafulltrúi bæjarins/skólastjórnendur fara eftir launataxta.
- Launataxtar þurfa að vera aðgengilegir öllum starfsmönnum.
- Starfsfólk skal vera meðvitað um launakjör og fylgjast með hvort það raðist rétt í launaflokka.
- Trúnaðarmaður gætir hagsmuna starfsfólks síns stéttarfélags.

4. Tækifæri kynjanna til aukinnar ábyrgðar og/eða tekjuöflunar skulu vera jöfn.

Leiðir:

- Auglýsa launuð ábyrgðarstörf innan skólans (fagstjórn, hópstjórn, nefndir, ábyrgð á ýmsum verkum o.fl.).
- Starfsfólki er gert kleift að óska eftir breyttu starfshlutfalli í starfsmannaviðtölum.
- Tryggt skal að allir hafi jafnan rétt til yfirvinnu og launapotta.
- Ábyrgðarstörf og nefndir skulu endurspegla kynjahlutfall starfsfólks.
- Starfslýsingar og upplýsingar um laun fyrir verkefni/ábyrgð skulu vera ljós.

5. Allt starfsfólk á að hafa sömu tækifæri til endur- og símenntunar óháð kyni.

Leiðir:

- Kynna fyrir starfsfólki þau endur- og símenntunarnámskeið sem eru í boði og hvetja fólk til að sækja um.
- Starfsfólk hvatt til þess að leita eftir námskeiðum á sínu starfssviði sem eflir það og starf skólans.

- Allir skulu hafa jafnan rétt til endurmenntunnar á erlendri grundu.
- Gæta skal þess að í hópastarfi og umbóta- og þróunarvinnu séu bæði kyn starfandi.

6. Stefna skal að því að bæði kyn séu í umsjónarkennslu á hverju aldurstigi.

Leiðir:

- Leitast við að hafa jafnt kynjahlutfall starfsfólks á öllum stigum.
- Karlmenntil hvattir til þess að sækja um kennslu á yngra bekkjarstigi.
- Leitast við að fá karlmenn til að kenna einstaka námsgreinar á hverju aldurstigi ef þeir fást ekki í umsjónarkennslu á öllum aldurstigum.

7. Gera starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Leiðir:

- Í anda jafnréttis laga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- Vinna að ákveðinni fjölskyldustefnu fyrir starfsfólk skólans.
- Gefa kennurum kost á að vinna hluta af sinni undirbúningsvinnu heima og hafa um leið sveigjanlegan vinnutíma.
- Reyna að komast hjá því að hafa fundartíma og endurmenntunarnámskeið á kvöldin og um helgar.
- Auðvelda starfsfólki að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða feðraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.
- Bjóða uppá barnagæslu þegar þannig stendur á.
- Gera starfsfólki kleift að vera í hlutastarfi.

8. Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

Leiðir:

- Skólastjórnendur senda út skýr skilaboð til starfsfólks þar sem þeir gera starfsfólki ljóst að slík hegðun sé ekki liðin og á henni verði tekið.
- Fræðsla um samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni og einelti.
- Gerð áætlun fyrir yfirmenn og trúnaðarmenn um það hvaða viðurlög skuli gripið til ef starfsmaður verður uppvís að kynferðislegri áreitni eða einelti.
- Hópefli starfsfólks.

Hlutverk jafnréttisráðs

Í jafnréttisráði skal vera stjórnandi, fulltrúi kennara og fulltrúi annars starfsfólks. Hlutverk jafnréttisteymis er að endurskoða og uppfæra árlega upplýsingar er varða hlutfall karla og kvenna, launaflokka (potta), yfirvinnu og aðra þætti er varða rétt starfsfólks. Umræða um jafnréttismál skulu tekin upp á starfsmannafundi hvert haust.